

Ed. 53. Frumvarp til laga [50. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum, sbr.

7. gr. laga nr. 2/1983, breytist með svofelldum hætti:

a) 1. og 2. málslíður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1984 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

b) Upphaf A-liðar 1. gr. laganna orðist svo:

Af vörum í eftirgreindum tollskrárnumurum greiðist 24% gjald:

c) Upphaf B-liðar 1. greinar laganna orðist svo:

Af vörum í eftirgreindum tollskrárnumurum greiðist 30% gjald:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sérstakt vörugjald verði framlengt um eitt ár eða til ársloka 1984 eins og gert er ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1984.

Samkvæmt tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að tekjur vegna innheimtu sérstaks vörugjalds verði um 1080 m.kr. á árinu 1983 en um 1140 m.kr. á árinu 1984.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim vöruflokkum sem vörugjaldið er nú lagt á og verður gjaldið eftir sem áður lagt á í tveimur gjaldflokkum.